



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

**Greinargerð með fjárhagsáætlun 2024-2027**  
**Seinni umræða**

**Samþykkt í bæjarstjórn 13. desember 2023**

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2024 – 2027 er lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 13. desember 2023. Fyrri umræða fór fram þann 29. nóvember síðastliðinn.

Breytingar hafa átt sér stað á milli umræðna og verður farið yfir þær hér á eftir. Einkum verður gerð grein fyrir breytingum á áætlun ársins 2024 en stiklað á stóru yfir áætlanir fyrir árin 2025 – 2027.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

## **Inngangur**

Bæjarstjórn Árborgar kjörtímabilið 2022-2026 leggur nú fram sína aðra fjárhagsáætlun á kjörtímabilinu. Um leið er lögð fram þriggja ára áætlun í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B hluta fyrir árin 2024–2027.

Fjárhagsáætlunin er lögð fram til seinni umræðu með afgangi upp á 34.839 millj.kr. Þrátt fyrir að jákvæð niðurstaða sé til marks um að góður árangur sé að nást er þetta ekki í fullu samræmi við samþykkt markmið aðgerðaráætlunar, sem send var til EFS og sveitarfélagið er skuldbundið af á grundvelli samnings þess við Innviðarráðherra, dags. 27. mars 2023. Það er því verkefni sem áfram liggur fyrir bæjarstjórn og starfsmönnum. Gert ráð fyrir 100 mill.kr. viðbótar hagræðingarkröfu á árinu 2024 auk þess sem unnið er að því að skapa frekari tækifæri til aukinnar tekjuöflunar.

## **Samkomulag við innviðaráðuneytið**

Það var ljóst strax í byrjun árs að ó-hag-stætt efna-hags-um-hverfi hefði tölu-verð á-hrif á áætlanir og rekstrarniðurstöðu Sveitarfélagsins Árborgar árið 2023. Rekstrarniðurstaða A-hluta hefur verið neikvæð frá árinu 2018, skuldsetning hefur verið mikil, framlegð of lág og veltufé frá rekstri hefur ekki dugað fyrir afborgunum lána. Nauðsynlegt var því að grípa til aðgerða. Í janúar fóru fulltrúar Sveitarfélagsins Árborgar á fund eftirlitsnefndar en nefndin hefur sent sveitarfélaginu Árborg fjölmörg bréf á undanförunum árum. Í framhaldinu setti Bæjarstjórn Árborgar í samráði við EFS fram skýra aðgerðaáætlun sem miðar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarstjórnarlaga og viðmið eftirlitsnefndar innan tilskilins frests. Í aðgerðaáætluninni er gerð grein fyrir einstökum aðgerðum, tímasetningu og áætluðum áhrifum til skemmri og lengri tíma sem miða að því að sveitarfélagið nái efnahagslegri sjálfbærni.

## **Brú til betri vegar**

Bæjarstjórn setti sér markmið um að ná tókum á fjármálum sveitarfélagsins. Þau markmið voru kynnt ásamt greiningu ráðgjafafyrirtækisins KPMG fyrir íbúum á opnum fundi miðvikudaginn 12. apríl sl. Þar var sett fram aðgerðaráætlun sem kallast Brú til betri vegar. Verkefnið „Brú til betri vegar“ miðar að því að tryggja sjálfbæran rekstur og sjálfbær fjármál Sveitarfélagsins Árborgar til framtíðar. Verkefnið er margþætt og flókið með snertifleti við alla starfsemi sveitarfélagsins, bæði í A- og B-hluta. Það byggir á margvíslegum forsendum er varða bæði innra og ytra rekstrarumhverfi. Verkefnið felst í aðgerðum til skemmri og lengri tíma, það byggir á öflugri samvinnu kjörinna fulltrúa, stjórnenda sveitarfélagsins, starfsfólks, íbúa, lánardrottna, eftirlitsaðila, ráðgjafa og annarra hagaðila.

## **Ábyrgur rekstur í krefjandi umhverfi**

Rekstur Sveitarfélagsins Árborgar hefur verið krefjandi árið 2023. Því er mikilvægt að taka áfram á málum af festu og ábyrgð. Við þær ytri aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu er mikilvægt að ná rekstrarjafnvægi og tryggja fjármögnun til skemmri og lengri tíma. Því verður aðeins náð fram með því að hækka tekjustofna og draga enn frekar úr rekstrargjöldum, áætluðum fjárfestingum, og samhliða leita leiða til sölu eigna sem eru ekki mikilvægar fyrir grunnþjónustu sveitarfélagsins.

## **Aðhald og aðgerðir**

Farið hefur verið í erfiðar hag-ræðingar-að-gerðir til að snúa við rekstrinum. Rekstur einstakra málaflokka í aðalsjóði var rýndur ítarlega af stjórnendum og hagræðingartækifæri greind. Hagræðingaraðgerðum var hrint í framkvæmd og var m.a. gripið til uppsagna starfsfólks og annarra sársaukafullra aðgerða. Áfram er unnið að greiningu frekari tækifæra til að draga úr rekstrarútgjöldum eins og kostur er, jafnframt því sem leitast er við að auka tekjur sveitarfélagsins.

## **Fjárfestingar**

Stjórnendur sveitarfélagsins hafa farið ítarlega yfir fjárfestingaáætlun ársins 2024, dregið úr fjárfestingum og forgangsraðað í þeim tilgangi að draga úr fjárþörf og lántökum. Aðeins verður haldið áfram með þær fjárfestingar sem sveitarfélagið er skuldbundið til að klára. Meginreglan verður sú að farið verður í fjárfestingar sem stuðlað að auknum tekjum í takt við það fjármagn sem aflað verður með sölu eigna. Í undirbúningi er nánari úttekt á rekstri

B-hluta fyrirtækja sveitarfélagsins þar sem mat verður lagt á fjárhagslega sjálfbærni þeirra til framtíðar og ákvarðanir teknar um framtíðarfyrirkomulag á rekstri B-hluta fyrirtækja.

Á 15. fundi bæjarstjórnar Árborgar, dags. 22. mars sl. var samþykkt að fá mat HLH Ráðgjafar á kostum og göllum þess að Sveitarfélagið Árborg haldi áfram þátttöku í byggðarsamlaginu Bergrisanum, Bergrisinn bs, er stærsta og fjárfrekasta samrekstrarverkefni sveitarfélagsins og því taldi bæjarstjórn nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort áframhaldandi samstarf sé sveitarfélaginu til hagsbóta.

### **Stafræn vegferð**

Tækifæri til hagræðingar eru víðsvegar í rekstri sveitarfélagsins. Tæknin er á fleygiferð og því mikilvægt að leggja áherslu á aukna stafræna þjónustu ekki aðeins til að auka öryggi og bæta þjónustu við íbúa heldur líka til að fara vel með almanna fé. Á árinu var tekið í notkun stjórnendamælaborð sem eykur skilvirkni og gagnsæi stjórnenda og kjörinna fulltrúa. Þá eru rafrænir launaseðlar komnir inn á Ísland.is auk þess sem unnið er að því að færa heimasíðu sveitarfélagsins á sama svæði. Þá er opið bókhald tilbúið og í yfirlestri.

### **Samningsmarkmið**

Séstök samningsmarkmið hafa verið samþykkt í sveitarfélaginu. Unnið hefur verið að breytingum á gjaldtöku vegna framkvæmda sem allar stuðla að tekjuaukningu fyrir sveitarfélagið. Sérstakt byggingarréttagjald hefur verið tekið upp sem tryggir það að vöxtur sveitarfélagsins verði sjálfbær til lengri tíma. Nýjum samningsmarkmiðum er jafnframt ætlað að tryggja gagnsæi og jafnræði milli svæða og gera samningsgerð vegna uppbyggingar markvissari og í samræmi við áform sveitarfélagsins.

### **Ytri aðstæður**

Verðlagsforsendur ársins breyttust töluvert og voru vextir og verðbólga hærri en þjóðhagsþá gerði ráð fyrir sem leiðir af sér að fjármagnsliðir hafa hækkað langt umfram áætlanir en þar vegur þyngst hærri verðbólga. Verðbólga og vextir hafa mikil áhrif á rekstur sveitarfélagsins auk þess sem óvissuþættir fyrir komandi ár eru þó nokkrir. Ber þar fyrst að nefna að framundan eru krefjandi kjarasamningsviðræður á almennum og opinberum vinnumarkaði. Leiðrétting í málaflokki fatlaðs fólks skilaði sér að einhverju leyti á þessu ári en betur má ef duga skal.

## **Framkvæmdir og fjárfestingar árinu**

Það er alltaf mikið gleðiefni þegar nýr grunnskóli opnar í hverju sveitarfélagi en starfsemi Stekkjaskóla í nýrri skólabyggingu hófst í mars síðastliðnum og ef allt gengur samkvæmt áætlun verða verklok 2.áfangs haustið 2024. Þá var í framhaldinu opnað nýtt leikskólahúsnæði í Stekkjaskóla, útibú frá Jötunheimum. Jarðvinnu við fráveitu er lokið. Framkvæmdir við nýjan íbúðakjarna við Nauthaga á Selfossi ganga samkvæmt áætlun en heimilið verður rekið af fjölskyldusviði Árborgar en tilheyrir Byggðarsamlagi Berggrisans bs. Þó verulega hafi verið dregið niður í fjárfestingum og aðeins haldið áfram með þær fjárfestingar sem sveitarfélagið er bundið í samkvæmt samningum verður áfram markvisst unnið að viðhaldi fasteigna og gatnakerfis í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins en mikilvægt er að sinna viðhaldi þótt fjárhagsstaðan sé erfið.

## **Áfram gakk**

Bæjarstjórn Árborgar gerir sér grein fyrir því að þær álögur og gjaldskrárhækkanir sem hér eru kynntar eru íþyngjandi fyrir íbúa. Mikilvægt er því að horfa til þess að þessar aðgerðir eru aðeins hugsaðar að hámarki til tveggja ára. Á sama tíma vinnur bæjarstjórnin hörðum höndum að því að rýna áfram reksturinn til að tryggja aukna framlegð svo hægt sé að standa undir þeim skuldbindingum sem sveitarfélaginu hefur stofnað til á síðustu árum. Samhliða sölu eigna verður unnið að þeim fjárfestingum sem stuðla að tekjuaukningu auk þess sem hugað verður að viðhaldi og innviðum í ört vaxandi samfélagi. Áfram verður lögð áhersla á vöxt og uppbyggingu og unnið að því að vaxa út úr þeim fjárhagslega vanda sem sveitarfélagið er í þó að ljóst sé að ytri aðstæður hafa mikil áhrif á fyrirtæki og einstaklinga.

Fjárhagsáætlun 2024 miðar fyrst og fremst að því að gæta aðhalds, auka tekjur og ná utan um reksturinn til lengri tíma. Áfram verður hagræðingarkrafa á alla málaflokka en lögð var áhersla á að verja velferðarþjónustuna og aðra grunnþjónustu við fjölskyldur. Engu að síður þarf mögulega að taka óvinsælar ákvarðanir sem dregið gætu úr þjónustu sveitarfélagsins til skamms tíma.

## **Samstaða í erfiðum aðstæðum**

Bæjarfulltrúar og starfsfólk sveitarfélagsins hefur tekið höndum saman við erfiðar aðstæður og má vel sjá ef fjármagnsliðir eru teknir út fyrir sviga að rekstrarniðurstaðan fyrir árið 2023 er örlítið betri en áætlun gerði ráð fyrir. Bæjarstjórnin vill nota tækifærið og þakka sviðstjórum, fjármálastjóra og starfsfólki fyrir útsjónarsemi, aðhald og metnað á

árinu en árangri verður ekki náð nema með samstilltum hópi starfsmanna sveitarfélagsins og kjörinna fulltrúa.

Í lokin er vert að horfa til þess að mikil tækifæri búa í samfélaginu. Árborg hefur verið í örum vexti síðastliðin ár og því er það sveitarfélaginu afar dýrmætt að rógróin fyrirtæki auka umsvif sín og byggja upp til framtíðar auk þess sem ný fyrirtæki eru sífellt að bætast við flórana. Fjölbreytt byggingaráform eru í farvatninu og mikil trú er á svæðinu. Uppbygging við miðbæ Selfoss er að hefjast að nýju sem mun fjölga enn frekar atvinnutækifærum á svæðinu. Við erum bjartsýn á að ná utan um reksturinn á næstu árum og höldum ótrauð áfram þó að tímabundið blási á móti.

## Rekstrarniðurstaða

- Áhrif breytinga á fjárhagsáætlun 2024 hækka rekstrarafgang A og B hluta úr 30,013 millj.kr. í 34.839 millj.kr.
- Rekstrarafkoma árið 2025 hækka úr 769.499 millj.kr. í 816.063 millj.kr.
- Rekstrarafkoma árið 2026 lækkar úr 334.906 millj.kr. í 310.685 millj.kr.
- Rekstrarafkoma árið 2027 lækkar úr 691.261 millj.kr. í 498.057 millj.kr.

## Lántökur

- Árið 2024 - ný langtímalán hækka um 74,55 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2025 - ný langtímalán hækka um 100 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2026 - ný langtímalán hækka um 100 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2027 - ný langtímalán hækka um 600 millj.kr. milli umræðna.

## Skuldahlutfall

Reiknað skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012.

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2024	144,0%	139,7%
• 2025	134,2%	129,7%
• 2026	130,3%	125,4%
• 2027	121,1%	119,3%

Skuldahlutfall

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2024	166,4%	161,6%
• 2025	155,1%	150,7%
• 2026	151,3%	146,8%
• 2027	141,1%	139,2%

## Breytingar á málaflokkum milli umræðna

Í töflunni hér á eftir má sjá samantekt á breytingum á málaflokkum milli umræðna:

Aðalsjóður	Fyrri umræða	Seinni umræða	Mismunur í þús.kr.
00 Skatttekjur	13.923.541	13.923.541	0
02 Félagsþjónusta	-2.237.396	-2.236.198	-1.198
03 Heilbrigðismál	-51.393	-51.393	0
04 Fræðslu og uppeldismál	-7.991.254	-8.051.013	59.759
05 Menningarmál	-341.286	-337.677	-3.609
06 Æskulýðs og íþróttamál	-1.216.794	-1.211.293	-5.501
07 Brunamál og almannavarnir	-212.436	-212.436	0
08 Hreinlætismál	-30.907	-30.752	-155
09 Skipulags og byggingarmál	-412.285	-412.285	0
10 Umferðar- og samgöngumál	-513.226	-513.226	0
11 Umhverfismál	-247.173	-247.173	0
13 Atvinnumál	-44.943	-44.943	0
21 Sameiginlegur kostnaður	-987.300	-907.300	-80.000
22 Lífeyrisskuldbindingar	-219.500	-219.500	0
27 Óvenjulegir liðir	0	0	0
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-407.019	-406.493	-526
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>-989.371</b>	<b>-958.141</b>	<b>-31.230</b>
<b>Aðrir sjóðir í A-hluta</b>			
31 Eignarsjóður	1.085.299	1.070.717	14.582
33 Þjónustumiðstöð	-78.562	-76.074	-2.488
71 Fasteignafélag Árborgar slf.	-855.622	-906.222	50.600
89 Verktækni ehf	-6.603	-6.603	0
Samtarfsverkefni A hluta	0	6.983	-6.983
<b>A-hluta samtals</b>	<b>144.512</b>	<b>88.801</b>	<b>55.711</b>
<b>Sjóðir í B-hluta</b>			
51 Byggingarsjóður aldraðra	-11.061	-11.061	0
67 Fráveita	430.232	430.651	-419
69 Vatnsveita	565.093	565.166	-73
77 Selfossveitur	-120.351	-91.536	-28.815
83 Sandvíkursetur ehf.	10.959	10.959	0
<b>Sjóðir í B-hluta samtals</b>	<b>874.872</b>	<b>904.179</b>	<b>-29.307</b>
<b>A og B hluti samtals</b>	<b>30.013</b>	<b>34.839</b>	<b>-4.826</b>



**Aðalsjóður:**

- **Málaflokkur 00 – Skatttekjur**

Engar breytingar á milli umræðna.

- **Málaflokkur 02 – Félagsþjónusta**

Fjárheimildir til málaflokksins lækkar um 1,198 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02021	Skrifstofa félagslegrar þj.	1.895 þús.kr.

Vegna mótvægis aðgerða við lokun Auðlindarinnar.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.895.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02022	Skrifstofa félagslegra úrræða	4.000 þús.kr.

Vegna mótvægis aðgerða við lokun Auðlindarinnar.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.895.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02023	Flóttamenn	-9.899 þús.kr.

Deildin á að gerast upp á núlli í samræmi við samning við ríkið. Tekjur eru þá hækkaðar til að ná því fram.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 9.899.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02310	Barnavernd	6.381 þús.kr.

Bakvakta álag og greiðslur munu hækka á árinu 2024 og er verið að mæta því.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 6.381.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02410	Árblik	640 þús.kr.

Kostnaðarauki vegna flutnings á mat frá framleiðslueldhúsi.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 640.000 kr.

*Fjármálasvið*

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02411	Vinaminni	490 þús.kr.

Kostnaðarauki vegna flutnings á mat frá framleiðslueldhúsi.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 490.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02460	Eldri borgarar	310 þús.kr.

Breyting á millif.eigin vinnu á milli umræðna.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 310.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02520	Frístundaklúbburinn Kotið	-5.016 þús.kr.

Breyting á reiknaðri innri leigu á milli umræðna.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 5.016.000 kr.

- **Málaflokkur 04 – Fræðslu og uppeldismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 59,76 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04020	Skrifstofa fræðslumála	58.000 þús.kr.

Hagræðingapottur að upphæð 50 millj kr. er færður á milli umræðna á málaflokk 21.

Hagræðingapottur að upphæð 8 millj kr. var útfærður á málaflokk 04, deildir 04281 – 04290 á milli umræðna.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á kr. 58.000.000

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04116	Hulduheimar	930 þús.kr.

Hækkun vegna flutningskostnaðar frá framleiðslueldhúsi.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 930.000 kr.

*Fjármálasvið*

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04119	Árbær	400 þús.kr.

Hækkun vegna flutningskostnaðar frá framleiðslueldhúsi.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 400.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04120	Jötunheimar	700 þús.kr.

Hækkun vegna flutningskostnaðar frá framleiðslueldhúsi.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 700.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04122	Goðheimar	930 þús.kr.

Hækkun vegna flutningskostnaðar frá framleiðslueldhúsi.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 930.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04170	Gæsla í heimahúsum	1.200 þús.kr.

Hækkun á greiddum styrkum.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.200.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04216	Vallaskóli	5.309 þús.kr.

Tekjur voru of áætlaðar og voru lækkaðar.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 5.309.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04219	Stekkjaskóli	-372 þús.kr.

Breyting á millif.eigin vinnu á milli umræðna.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 372.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04281	Bifröst frístundaheimili	-1.572 þús.kr.

Lækkun vegna lokunar um jól og páska.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.572.000 kr.

*Fjármálasvið*

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04282	BES frístundaheimili	-492 þús.kr.

Lækkun vegna lokunar um jól og páska.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 492.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04283	Hólar frístundaheimili	-1.582 þús.kr.

Lækkun vegna lokunar um jól og páska.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.582.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04284	Bjarkaból frístundaheimili	-1.449 þús.kr.

Lækkun vegna lokunar um jól og páska.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.449.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04285	Nýr frístundaklúbbur	-631 þús.kr.

Lækkun vegna lokunar um jól og páska.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 631.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04285	Eldheimar	-1.611 þús.kr.

Lækkun vegna lokunar um jól og páska.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.611.000 kr.

- **Málaflokkur 05 – Menningarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 3,6 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
05	05710	Hátíðarhöld	-211 þús.kr.

Breyting á millif.eigin vinnu á milli umræðna.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 211.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
05	05810	Ýmsir styrkir	-3.398 þús.kr.

Reiknuð innri leiga á Tryggvagötu 36 dettur út þar sem fasteignin hefur verið seld.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 3.398.000 kr.

- **Málaflokkur 06 – Æskulýðs og íþróttamál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 5,501 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06270	Vinnuskóli	-17.241 þús.kr.

Laun lækka á milli umræðna þar sem tekin var út vinnuskóli fyrir 17 ára og eldri.

Lækkun á milli umræðna hljóðar upp á 17.241.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06515	Íþróttahús Iðá	-1.633 þús.kr.

Vísitöluhækkun á húsaleigu.

Lækkar deildin milli umræðna um 1.633.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06552	Sundlaug Stokkseyrar	1.492 þús.kr.

Hækkun vegna launakostnaðar.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.492.000 kr.

Fjármálasvið

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06810	Íþróttafélögin í Árborg - reiknaðir styrkir	1.633 þús.kr.

Reiknaðir liðir.

Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.633.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06830	Íþrotta- og tómsundastyrkir	10.285 þús.kr.

Hækkun vegna tómsundastyrks vegna 4-5 ára barna ásamt styrk til motorcross vegna nýrrar aðstöðu í Bolöldu.

Hækkun á milli umræðna um 10.285.000 kr.

- **Málaflokkur 08 – Hreinlætismál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 0,155 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokki á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
08	08210	Sorphirða heimila	-155 þús.kr.

Lækkun er vegna smávægilegrar breytingar á millif.eigin vinnu á milli umræðna.

Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 155.000 kr.

- **Málaflokkur 21 – Sameiginlegur kostnaður**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 80 millj.kr. milli umræðna.

Hagræðingapottur að upphæð 100 millj kr. var bætt við deildina

Árshátíð og jólagjafir v. 2024 var bætt við alls 20 millj. kr.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málafloknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
21	21610	Starfsmannakostnaður	-80.000 þús.kr.

Skrifstofa sveitarfélagsins lækkar um 80 millj.kr. frá fyrri umræðu.

Hagræðingarpottur að upphæð 100 millj.kr. vegna hagræðingar hjá Sveitarfélaginu Árborg var settur á deild 21610.

Árshátíð 2024 og jólagjöf til starfsmanna 2024 samtals að upphæð 20 millj. kr. er bætt við til hækkunar á milli umræðna.

Lækkun á milli umræðna er því kr. 80.000.000,-

- **Málaflokkur 28 – Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 0,5 millj.kr. milli umræðna.

### **Aðrir sjóðir í A-hluta:**

- **Málaflokkur 31 - Eignasjóður**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 18,8 millj.kr. milli umræðna.

Flestar eignir hjá eignasjóði hækka frá fyrri umræðu en smávægilegar breytingar hafa orðið vegna breytinga á fjárfestingaráætlun. Einnig er búið er að uppfæra fasteignagjöld til hækkunar milli umræðna. Fjármagnsgjöld lækkuðu um rúm 34,0 millj.kr. sem rekja má til breytinga á viðskiptastöðu við aðalsjóð sem er vaxtareiknuð og vegna endurútreiknings á verðbótum. Þessir liðir hafa mikil áhrif til lækkunar á málaflokknum.

- **Málaflokkur 71 – Fasteignafélag Árborgar slf.**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 44,3 millj.kr. milli umræðna. Flestar eignir hækka vegna uppfærslu á fasteignagjöldum til hækkunar milli umræðna.

Fjármagnsgjöld lækka um 63,8 millj.kr. sem má að mestu rekja til breytinga á viðskiptastöðu við Aðalsjóð sem er vaxtareiknuð og vegna endurútreiknings á verðbótum langtímalána.

### **Sjóðir í B-hluta:**

- **Málaflokkur 77 – Selfossveitur**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 32,3 millj.kr. milli umræðna. Stærsta ástæðan er vegna endurútreiknings á verðbótum langtímalána.

## **Breytingar á fjárfestingaráætlun**

- **Fjárfestingaráætlun 2027**

Fjárfestingar ársins 2027 hækka um 500 millj.kr. milli umræðna.



## **Samrekstrarfélög - reglugerð 1212/2015**

Með breytingum sem gerð var á reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaða ábyrgð.

Í tilviki sveitarfélagsins á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

- Bergisinn bs.
- Brunavarnir Árnesinga
- Byggðasafn Árnesinga
- Héraðsnefnd Árnesinga bs.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga
- Listasafn Árnesinga
- Tónlistarskóli Árnesinga
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Í seinni umræðu um fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar eru ofangreind samstarfsverkefni sett inn í fjárhagsáætlun skv. ábyrgðarhlutfalli.

Tekjur eru áætlaðar um 1.213 millj kr.

Laun um 460 millj kr.

Lífeyrisskuldbinding er áætluð um 14 millj kr.

Annar rekstrarkostnaður um 676 millj kr.

Áætlaður rekstrarafgangur samtals af samrekstrarfélögum er um 6,9 millj kr. og áætlað veltufé frá rekstri er áætlað um 60 millj kr.